

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995 og tillögu Bændasamtaka Íslands hefur verið ákveðið að neðangreint hlutfall kindakjöts af slátrun haustsins 1997 verði flutt á erlendan markað:

- a. Dilkakjöt 13%.
- b. Kjöt af fullorðnu fé 25%.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1997-1998, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995, verði eftirfarandi:

- a. Á dilkakjöti kr. 159 pr. kg.
- b. Á fullorðnu fé kr. 118 pr. kg.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. september 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 394/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku (annarri en grænni) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, lituð	15.09.-30.09.97	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. september 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.